



## **Vegna frumvarp til breytinga á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**

Pegasus ehf var stofnað 1992 of hefur alla tíð síðan haft meirihluta tekna af erlendri kvikmyndagerð. Við þekkjum því mæta vel hvaða áhrif endurgreiðslan hefur haft á þennan iðnað. Áður en endurgreiðslan komst á var lítil kjarni kvikmyndagerðarmanna sem hafði heilsárs atvinnuvinnu af innlendri kvikmyndagerð og þjónustu við erlenda kvikmyndagerðarmenn sem höfðu valið íslenskt landslag sem bakgrunn fyrir auglýsingar.

Í upphafi var endurgreiðslan lág og dugði ekki til að laða að erlend verkefni. Með stig hækkandi endurgreiðsluhlutfalli hefur orðið veruleg aukning í greininni og heilsárs störfum fjölgað í takt við veltuaukningu. Þessi aukning í greininni leiðir síðan af sér aukna innlenda framleiðslu. Með tilkomu endurgreiðslu opnuðust einnig möguleikar á samframleiðslu við erlenda framleiðendur sem ekki voru fyrir hendi áður. Nýlegt dæmi um slíka samframleiðslu er kvikmyndin Arctic sem er samframleiðsla Armory Films í Bandaríkjunum og Pegasus. Myndin var öll tekin upp á Íslandi og vegna samframleiðslusamnings á Pegasus ehf hlutdeild í myndinni og er því Íslensk-Bandarísk framleiðsla.

Það er alltaf nauðsynlegt að líta yfir farinn veg og skoða hvað betur má fara. Markmið og tilgangur laganna í upphafi var að efla kvikmyndaíðnaðinn á Íslandi með þjónustu og samstarf við erlenda framleiðendur kvikmynda og sjónvarpsþátta. Árið 2012 gerði ESA athugasemd við reglur sem giltu um endurgreiðslur á Íslandi og þóttu þær of rúmar, sérlega gagnvart Bandarískri framleiðslu. Ég sat í nefnd sem átti að koma með úrbætur á lögnum sem ESA gæti sæst á.

Nú er það svo að meirihluti kvikmyndaframleiðslu sem framleidd er annarstaðar en í upprunalandi er Bandarísk. Menn sáu að með því stemma stigu við endurgreiðslu af Bandarískri framleiðslu yrði tilgangi laganna ekki náð.

Í Tékklandi er búinn að vera blómlegur iðnaður og þjónusta við kvikmyndagerð sem leita þangað frá ýmsum löndum en meirihlutinn er þó frá Bandaríkjunum. Tékkar voru á þessum tíma með endurgreiðslukerfi sem fékk grænt ljós frá ESA. Það var því brugðið á það ráð að aðlaga umsóknargögn að þeim sem giltu í Tékklandi. Þetta hefur gefist vel.

Norðmenn hafa tekið upp svipaða mælistiku og er notuð hér og í Tékklandi við mat á hvort verkefni eru hæf til endurgreiðslu. Ég tel rétt að fara varlega í veruleg frávík frá þeim reglum sem eru í dag en væntanlega mætti einfalda umsóknargögnin og stigagjöfina í samráði við framleiðendur.



Styrkleikar kerfisins eru hve einfalt það er og að það hefur náð tilgangi laganna um eflingu kvikmyndageirans á Íslandi. Með auknum umsvifum í kvikmyndagerð hafa skapast afleidd störf sem annars væru ekki til staðar. Það er óumdeilt að ferðamenn velja Ísland oft sem áfangastað eftir að hafa séð kvikmynd eða sjónvarpsþátt sem tekin hefur verið upp á Íslandi.

Í skýrslu vinnuhópsins eru veikleikar helst taldir vera að einfaldleikinn bjóði upp á misnotkun. Til að bæta úr slíku væri einfaldast að gera kröfu um endurskoðun löggiltra endurskoðenda á kostnaðaruppgjöri áður en til endurgreiðslu kæmi.

Samkeppni við önnur lönd sem annaðhvort bjóða svipaða endurgreiðslu eða hærrí er að aukast. Það er því ekki í takt við markmið laganna að þrengja ramman og lækka endurgreiðslur til kvikmyndagerðar. Ef það verður gert mun verkefnum fækka sem tekin verða upp á Íslandi og hæfir kvikmyndagerðarmenn munu flytjast erlendis þar sem vinna er, líkt og gerðist áður en endurgreiðslan var hækkuð upp í 20-25%.

Eftirtalin lönd í Evrópu bjóða hærrí endurgreiðslu en gert er á Íslandi. Belgía er með allt að 45% stuðning við framleiðslu í formi “TaxCredit”. Frakkland er með 30% endurgreiðslu og Eistland er einnig með 30% endurgreiðslu. Írland er með 32% endurgreiðslu. Nokkur lönd í Austur Evrópu bjóða annað hvort 20% eða 25% endurgreiðslu. Þessi lönd eru skæður keppinautur við Ísland því framleiðslukostnaður þar er mun lægri en á Íslandi.

Í skýrslu sem starfshópur skilaði til ráðherra kemur fram að tillögur sem lagðar eru fram séu m.a að horfa í auknum mæli til upphaflegs markmiðs og tilgangs laganna. Að aukin áhersla verði lögð á upbyggingu kvikmyndaíðnaðarins á Íslandi með því að laða að erlenda aðila til framleiðslu og kvikmynda og sjónvarpsefnis hér á landi. Hinsvegar er tillaga starfshóps um að setja þak á þá upphæð sem hvert verkefni getur fengið innan árs þvert á það markmið. Það eitt og sér takamarkar samkeppnishæfi okkar töluvert.

Sóknarfærin eru fólgin í því að þrengja ramman ekki og að setja ekki takmörk á upphæðir sem veittar eru fyrir hvert verkefni, það væri í þversögn við tilgang laganna að gera slíkt. Hækkun endurgreiðslu upp í 30% væri vænlegra til eflingar kvikmyndagerðar á Íslandi.

Ríkið sparar ekkert með því að veita minna fjármagn til endurgreiðslu kostnaðar af kvikmyndaframleiðslu, þvert á móti mun skattheimta minnka ef kvikmyndageirinn dregst saman. Það mun einnig koma fram hjá ferðaþjónustuaðilum og ýmsum afleiddum störfum sem kvikmyndagerð hefur skapað.



Sjá umsögn Ragnars Sigurðssonar hjá Fjarðarbyggð og Yngva Ragnari hótalhaldara Selhótels við Mývatn.

F.h Pegasus

Snorri Þórisson

Tökur á sjónvarpsþáttunum Fortitude fóru að megninu fram á Austurlandi árið 2013 og aftur árið 2016 vegna annarrar þáttaraðar. Tökurnar, undirbúningur og frágangur hafði heilmikil áhrif í sveitarfélaginu Fjarðabyggð þar sem umfangsmesta starfsemin fór fram en hafði einnig áhrif á nágrannabyggðir. Áhrifanna varði í talsverðan tíma fyrir og eftir tökur þó svo að mestu áhrifin voru á meðan að á tökunum stóð. Áhrifanna gætir enn því erlendir áhangendur þáttanna hafa komið í skipulagðir ferðir á Austurland, einkum á Reyðarfjörð, til að skoða tökustaðina.

Á meðan að á tökutímabili stóð voru áhrifin á byggðalagið heilmikil. Fyrst og fremst voru áhrifin fólgin útleigu á húsnæði; hótélherbergjum, gistíherbergjum, atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsum hvort sem það var vegna útleigu fyrir starfsmenn og/eða tökustaða. Þá var einnig heilmikil atvinna í boði fyrir heimamenn sem fólst í aðstoð við val á tökustöðum, koma starfsfólki fyrir á svæðinu, undirbúa komu þess, akstur á meðan að á tökunum stóð, hlutverk aukaleikara þáttanna og ýmislegt fleira.

Þá var einnig um útleigu á allskyns tækjum, tólum og bifreiðum að ræða frá bæði fyrirtækjum og íbúa Reyðarfjarðar. Heilmikil aðkeypt þjónusta fór fram á meðan að á tökunum stóð vegna þjónustu við allskyns úrlausnarefni og nutu iðnaðarfyrirtækin á svæðinu góðs af því. Einnig var aðkeyptur matur fyrir starfsfólk keyptur af fyrirtæki af svæðinu, ýmis þjónusta keypt af ferðaþjónustuaðilum, björgunarsveitunum, almannatengli og margt fleira.

Erfitt er að telja upp alla þætti þess sem nutu góðs af starfseminni á svæðinu þar sem starfsemin var umfangsmikil, víðfeðm og fjölbreytt. Tökurnar höfðu mjög jákvæð áhrif á svæðinu og gætir áhrifa þess enn.

Virðingarfyllst

Ragnar Sigurðsson

Bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

Til þeirra sem málið varðar.

Það eru mikil áhrif sem kvikmyndaverkefni hafa á okkur hér í Mývatnssveit, flest þessi verkefni eru utan háannar og er þá verið að nýta aðstöðu og þjónustu sem er til staðar en væri annars ónýtt.

Einnig hafa landeigendur notið góðs af þessum verkefnum og verktakar ásamt því að ýmis þjónusta er fengin hjá aðilum á svæðinu, svo sem mokstu á snjó og gæsla á svæðum, leiga á búnaði og tækjum. Þessi verkefni eru mikilvæg fyrir okkur hér úti á landi sem enn erum að byggja upp heilsárs ferðaþjónustu. Það var mikil búbot að fá verkefni eins og Game of Thrones sem sem Pegasus kom með hingað að vetrarlagi með 270 manns, það sama má segja um kvikmyndina Fast and The Furious sem einnig var tekin upp að hluta hér.

Einnig hafa þessi verkefni langtíma áhrif á komur ferðmanna sem eru að heimsækja tökustaði þar sem vinsælir þættir og myndir hafa verið teknar svo sem Game of Thrones hér í Mývatnssveit.

*Yngvi R. Kristjánsson*  
General manager  
Sel – Hótel Mývatn  
Skútustaðir  
660 Mývatn  
Iceland